

Fimmtudaginn 8. desember 1994.

Nr. 5/1994.

B. M. Vallá hf.

(Jón Finnsson hrl.)

gegn

Haraldi Bjargmundssyni

(Ólafur Sigurgeirsson hdl.)

Sjálfskuldarábyrgð. Verksamningur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Markús Sigurbjörnsson og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. janúar 1994. Hann krefst þess, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda og hann greiði sér málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt 24. gr. laga nr. 38/1994 um breyting á lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála var mál þetta skriflega flutt hér fyrir dómi.

Eins og lýst er í hinum áfrýjaða dómi, gerðu Eðvarð Björgvinsson og stefndi samkomulag 1. nóvember 1991 um vinnu stefnda við uppslátt húss að Bæjarholti 5 í Hafnarfirði. Eðvarð Björgvinsson skyldi greiða stefnda fyrir verkið og inna greiðslur af hendi eftir því, sem verkinu miðaði áfram, en þær voru samtals að fjárhæð 1.500.000 krónur. Áfrýjandi tókst á hendur sjálfskuldarábyrgð á greiðslum samkvæmt samkomulaginu með áritun á það. Eðvarð Björgvinsson stóð ekki við sinn hluta samkomulagsins, og greiddi áfrýjandi stefnda fyrir alla verkþættina nema 8. og síðasta áfanga, sem var að setja þakjárn á húsið, en greiðsla fyrir hann skyldi nema 250.000 krónum. Er stefndi krafði áfrýjanda um greiðsluna á grundvelli sjálfskuldarábyrgðarinnar, neitaði áfrýjandi greiðsluskyldu með vísan til þess, að verkkaupi, Eðvarð Björgvinsson, hefði sjálfur unnið þennan verkþátt, og væri ábyrgðarskuldbinding áfrýjanda því fallin niður.

Áfrýjandi heldur því fram, að stefndi hafi neitað að ljúka verkinu,

nema áfrýjandi greiddi eldri skuldir Eðvarðs Björgvinssonar við hann. Áfrýjandi hafi ekki fallist á það og komið því til leiðar, að Eðvarð Björgvinsson vann verkið.

Stefndi hefur ekki andmælt því, að Eðvarð Björgvinsson hafi unnið verkið, en haldið því fram, að stefndi hafi ráðið hann til verksins og greitt honum fyrir það með því að færa greiðslu fyrir verkið til lækkunar á skuld hans við sig.

Ágreiningslaust er, að Eðvarð Björgvinsson vann 8. og síðasta áfanga við uppslátt hússins að Bæjarholti 5, Hafnarfirði. Telja verður því, að sjálfskuldarábyrgð áfrýjanda samkvæmt samkomulagi Eðvarðs og stefnda frá 1. nóvember 1991 nái ekki til þessa verkþáttar. Ber því að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda.

Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Áfrýjandi, B. M. Vallá hf., skal vera sýkn af kröfum stefnda, Haralds Bjargmundssonar.

Stefndi greiði áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 80.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 21. desember 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 29. nóvember sl., er höfðað af Haraldi Bjargmundssyni, Kjarrhólma 30, Kópavogi, gegn B. M. Vallá hf., Bíldshöfða 7, Reykjavík, með stefnu, birtri 23. apríl 1993.

Af hálfu stefnanda eru gerðar þær kröfur í málinu, að stefndi greiði 250.000 kr. auk vanskilaárvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 29. september 1992 til greiðsludags og að vextir verði lagðir við höfuðstól kröfunnar á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 29. september 1993, og vanskilaárvextir síðan reiknaðir af þannig uppfærðum höfuðstól. Þá krefst stefnandi málskostnaðar að skaðlausu.

Af hálfu stefnda eru gerðar þær kröfur, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda í málinu og sér dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Yfirlit um málavexti og ágreiningsefni.

Stefnandi gerði samkomulag við Eðvarð Björgvinsson, dags. 1. nóvember 1991, um greiðslur til stefnanda fyrir vinnu hans við uppslátt hússins að

Bæjarholti 5 í Hafnarfirði. Greiðslur skyldi inna af hendi eftir því, sem verkinu miðaði áfram, og voru þær samtals að fjárhæð 1.500.000 kr. Með samkomulaginu var einnig gengið frá sjálfskuldarábyrgð hins stefnda hlutfélags fyrir umræddum greiðslum, þannig, að hlutfélagið tryggði greiðslur til stefnanda að loknum hverjum verkþætti samkvæmt samkomulaginu. Stefnandi hefur fengið allar greiðslur nema hina síðustu, að fjárhæð 250.000 kr., og er málið því höfðað gegn hinu stefnda hlutfélagi með vísan til sjálfskuldarábyrgðar þess samkvæmt samkomulaginu frá 1. nóvember 1991.

Hið stefnda hlutfélag hefur neitað greiðsluskyldu, þar sem stefnandi hafi aldrei unnið þann verkþátt, sem hann krefur um greiðslu fyrir í málinu. Af hálfu stefnanda hefur því verið andmælt, enda hafi verkið verið unnið af mönnum á hans vegum.

Helstu málsástæður og réttarheimildir, sem aðilar vísa til.

Stefnandi byggir á því, að stefndi hafi tekið á sig sjálfskuldarábyrgð á verksamningi um vinnu við uppslátt við húseignina Bæjarholt 5 í Hafnarfirði, og er reikningur stefnanda vegna þessa að fjárhæð 250.000 kr., dags. 29. ágúst 1992. Verksamningurinn hafi verið gerður við Eðvarð Björgvinsson, en þar sem hann hafi ekki greitt stefnanda síðasta lið verksamningsins og innheimtutilraunir ekki borið árangur, hafi kröfum verið beint að sjálfskuldarábyrgðaraðila. Vegna þeirrar málsástæðu stefnda, að verkið hafi ekki verið unnið af stefnanda, hefur stefnandi haldið því fram, að hér sé um verksamning að ræða og verkið verið unnið af mönnum, sem hann hafi ráðið í vinnu. Greiðslan, sem stefnandi krefur stefnda um í málinu, sé því greiðsla samkvæmt verksamningi, en ekki vinnulaun fyrir vinnu stefnanda, eins og haldið sé fram af hálfu stefnda. Verktaki ráði því, hvern hann fái til að vinna verkið. Af hálfu stefnanda er því ekki andmælt, að Eðvarð hafi unnið þennan síðasta verkþátt, sem hér er um að ræða, en það hafi hann gert með samkomulagi við stefnanda, og hafi stefnandi greitt honum fyrir það.

Lagarök stefnanda eru þau, að málið sé rekið til innheimtu skuldar á grundvelli laga nr. 19/1991 um meðferð einkamála. Krafa um greiðslu vanskilavaxta styðjist við III. kafla laga nr. 25/1987 og málskostnaðarkrafa við 129. gr. og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Sýknukrafa stefnda er reist á því, að stefnandi hafi aldrei unnið þann verkþátt, sem hann krefur um greiðslu fyrir í máli þessu, heldur hafi hann verið unninn af Eðvarð Björgvinsyni fyrir tilstuðlan stefnda. Af hálfu stefnda er því haldið fram, að stefnandi hafi neitað að ljúka verkinu, nema stefndi greiddi eldri skuldir Eðvarðs við stefnanda. Á þá skilmála hafi ekki verið fallist af hálfu stefnda, og því hafi stefndi komið því til leiðar, að Eð-

varð vann síðasta verkþáttinn. Stefnandi hafi því fengið greitt fyrir alla þá vinnu, sem hann hafi innt af hendi við umrætt verk, og eigi því engar frekari kröfur á hendur stefnda. Enn fremur er því haldið fram af hálfu stefnda, að Eðvarð hafi reynt að ávísa verðmæti þessa síðasta verkþáttar til stefnanda til greiðslu á skuld sinni við hann. Þessu hafi verið hafnað af hálfu hins stefnda hlutafélags, enda hafi Eðvarð skuldað stefnanda mun hærrí fjárhæð, og er því haldið fram af hálfu stefnda, að verðmæti þessa verkþáttar, sem hér um ræði, muni ganga upp í þá skuld.

Niðurstöður.

Telja verður ósannað gegn andmælum stefnanda, að stefnandi hafi ekki efnt samkomulagið um síðasta verklíð, eins og hér er deilt um, enda eru fullyrðingar stefnda um vanefndir stefnanda að þessu leyti eða að stefnandi hafi neitað að vinna verkið, ekki studdar neinum gögnum. Þá hafa af hálfu stefnda ekki verið lögð fram gögn, sem sýni fram á, að verkið hafi verið unnið af Eðvarð Björgvinssyni fyrir tilstuðlan stefnda, og því hefur ekki heldur verið hnekkt af hálfu stefnda, að verkið hafi verið unnið af mönnum á vegum stefnanda, eins og stefnandi heldur fram í málinu. Þykir því rétt að taka kröfu stefnanda til greina.

Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn 60.000 kr.

Dóm þennan kvað upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Stefndi, B. M. Vallá hf., greiði stefnanda, Haraldi Bjargmundssyni, 250.000 kr. auk dráttarvaxta frá 29. september 1992 til greiðsludags, sem leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 29. september 1993, og 60.000 kr. í málskostnað.